

GJALDSKRÁ

fyrir heimæðagjöld hjá Vatnsveitu Garðabæjar.

1. gr.

Almenn heimild.

Til að standa straum af kostnaði vatnsveitu við lagningu heimæðar frá dreifiæð í stofnkrana húss og uppsetningu hans skulu fasteignareigendur greiða heimæðargjald til bæjar-sjóðs Garðabæjar samkvæmt gjaldskrá þessari. Um heimæðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991 og reglugerð um reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992, sbr. reglugerð nr. 175/1994 og 614/1994.

2. gr.

Grunnur heimæðagjalda og lágmarksgjald.

Fjárhæð heimæðargjalds miðast við, að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitunnar við lóðamörk að tengistað mannvirkis (inntaksstað). Ennfremur er miðað við, að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekinn út og samþykktur af vatnsveitunni.

I Íbúðarhús.

- | | |
|--|----------------------------------|
| A) einbýli, par- og raðhús | |
| • 32 mm heimtaug grunngjald | 50.000 kr./íbúð |
| • Viðbótargjald fyrir heimæð > 10 m | 500 kr./m heimæðar (umfram 10 m) |
| B) fjölbýli (án sprinklerskerfis) | |
| • 40 mm heimtaug grunngjald | 61.000 kr./heimtaug |
| • 50 mm heimtaug grunngjald | 74.000 kr./heimtaug |
| • 63 mm heimtaug grunngjald | 93.000 kr./heimtaug |
| • Viðbótargjald fyrir heimæð > 10 m | 800 kr./m heimæðar (umfram 10 m) |
| C) Fjölbýli með sprinkler sjá iðnaðarhús | |

II Iðnaðarhús.

- | | |
|--|----------------------------------|
| • 75 mm heimtaug grunngjald | 121.000 kr./heimtaug |
| • 90 mm heimtaug grunngjald (m/sprinkler) | 134.000 kr./heimtaug |
| • 110 mm heimtaug grunngjald (m/sprinkler) | 156.000 kr./heimtaug |
| • Viðbótargjald fyrir heimæð > 20m | 800 kr./m heimæðar (umfram 20 m) |

Vanti ídráttarrör eða ídráttarrör reynist ónothæft greiðist 4.000 kr./m vegna skurð-graftrar. Reynist nauðsynlegt að fleyga eða sprengja klöpp eða þegar frost er í jörðu bætist eftirfarandi kostnaður við skurðgröft, sem greiðist eftir á:

	Dýpt	Kr./lengdarmetra
Klaki/klöpp	< 30 cm	1.170 kr.
Klaki/klöpp	≥ 30 cm	2.350 kr.

Sé sótt um byggingarvatn um leið og sótt er um heimæð er gjaldið fyrir byggingarvatnskranu kr. 5.440. Sé aðeins sótt um byggingarvatnskranu greiðist áætlaður kostnaður fyrir tengingu og aftengingu hans.

3. gr.

Greiðsluskilmálar.

Heimæðargjald fellur í gjalddaga er vatnsveitan hefur samþykkt beiðni fasteignar-eiganda um lagningu heimæðar og skal það greitt áður en framkvæmdir eru hafnar við lagningu heimæðar. Gjaldið getur þó fyrst fallið í gjalddaga við útgáfu byggingarleyfis eða úthlutun lóðar sem er í eigu sveitarfélags.

4. gr.

Breytingar á fjárhæð heimæðagjalds.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í febrúar 1998 og endurreiknast miðað við breytingar á byggingarvísitölu á 6 mánaða fresti (í janúar og júlí).

5. gr.

Gildistaka gjaldskrár.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarráði Garðabæjar samkvæmt 11. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991 og 16. gr. reglugerðar fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992, sbr. reglugerð nr. 614/1996, til að öðlast gildi þegar í stað.

Garðabæ, 13. júlí 1999.

Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Suðurlandi.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti á starfssvæði heilbrigðisnefndar Suðurlands og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga f.h. aðildarsveitarfélaganna heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi skulu aðildarsveitarfélögin innheimta gjald sem hér segir, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni skv. eftirlitsáætlun:

	kr.		kr.
1. flokkur	5.000	11. flokkur	80.000
2. flokkur	10.000	12. flokkur	90.000
3. flokkur	15.000	13. flokkur	100.000
4. flokkur	20.000	14. flokkur	110.000
5. flokkur	25.000	15. flokkur	120.000
6. flokkur	30.000	16. flokkur	140.000
7. flokkur	40.000	17. flokkur	150.000
8. flokkur	50.000	18. flokkur	160.000
9. flokkur	60.000	19. flokkur	180.000
10. flokkur	70.000	20. flokkur	200.000

Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun kr. 3.900.

Flokkun eftirlitsskyldrar starfsemi kemur fram á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.